


Gildandi skipulag
Mkv.: 1:10.000 í A2




Breytt skipulag

0 200 400 600 800 1000m

SKÝRINGAR
LANDNOTKUN

- Mörk skipulagssvæðis
- Þéttbýlismörk
- Íb Íbúðarsvæði
- S Svæði fyrir þjónustustofnanir
- M Miðsvæði, miðbær
- V Verslunar- og þjónustusvæði
- A Athafnasvæði
- H Hafnarsvæði, flugvallarsvæði
- I Iðnaðarsvæði
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- Óbyggð svæði
- O Opin svæði til sérstakra nota
- R Sorpförgunarsvæði
- Hverfisverndarsvæði
- N Náttúruverndarsvæði, fólkvangur
- N Náttúruverndarsvæði, svæði á náttúruminjaskrá
- Strandsvæði í flokki B
- E Efnistökusvæði
- Landfylling
- Ný strandlína, útgrafið
- Fornminjar
- Blönduð landnotkun
- Stofnanasvæði með útivistargildi

Grunnkort:
Umhverfisdeild Akureyrar
Myndmældur hæðarlínugrunnur

ÞJÓNUSTUKERFI

- Stofnbraut
- Tengibraut
- Aðrir vegir/götur
- Aðalstígar
- Útivistarstígar
- Reiðleiðir
- Flutningslínur rafveitukerfis (Loftlínur)
- Svæði fyrir háspennulínur, línufjöldi ekki tilgreindur
- Flutningslínur rafveitukerfis (Jarðstrengir)
- Aðveitulögn hitaveitu
- Aðveitulögn vatnsveitu
- Útrás fráveitu
- Ljósleiðari
- Dælustöðvar fráveitu og fráveitumannvirki

Bæjarstjórn Akureyrar leggur til að Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018 verði breytt til samræmis við tillögu að rammahluta aðalskipulags Akureyrar fyrir Oddeyri. Gerð er grein fyrir áhrifum skipulagsins á umhverfið í umhverfisskýrslu rammahlutans.

**Breytingar á uppdrætti:**

- Hjalteyrargata verður tengibraut í stað Laufásgötu, sem verður hluti innra gatnakerfis.
- Íbúðarsvæði á Oddeyri stækkar á kostnað opinna svæða við Hjalteyrargötu sem minnka á móti.
- Athafnasvæði við Furuvelli er breytt í blandaða byggð, íbúða, verslunar og þjónustu.
- Húsaröð sunnan Tryggvabrautar er breytt úr athafnasvæði í svæði fyrir verslun og þjónustu.
- Athafnasvæði milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu er breytt með þeim hætti að mörk reita breytast og fær syðri reiturinn blandaða landnotkun með íbúðum, athafnasvæði, verslun og þjónustu.
- Útivistarstígur er settur inn sunnan Glerár.

**Breytingar á sérákvæðum greinargerðar**

Gildandi ákvæði sem falla úr gildi eru sýnd í rauðum reitum og texti er yfirstrikaður. Breytt ákvæði eru í bláum reitum.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á sérákvæðum í viðkomandi köflum:

| | Nr. | Stærð | Svæði | Lýsing | Skipulagsákvæði |
|---|---|---|---|---|---|
| **Gildandi** | **2.11.2 Íb** | ~~20,4~~ | Oddeyri | Íbúðarbyggð að mestu frá 1875 og fram yfir miðja 20 öld | ~~Endurnýjun og uppbygging samkvæmt deiliskipulagi suðurhluta Oddeyrar. Deiliskipulag verði unnið fyrir norðurhluta íbúðarbyggðarinnar.~~ |
| **Breytt** | | 21,2 | | | Sjá rammahluta aðalskipulags, Oddeyri.<br>Endurnýjun og uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. |
| **Gildandi** | **2.11.5 O** | ~~0,4~~ | Opið svæði við Hjalteyrargötu | Leiksvæði | Óbreytt |
| **Breytt** | | 0,1 | | | |
| **Gildandi** | **2.11.6 O** | ~~0,7~~ | Opið svæði við Hjalteyrargötu | Leiksvæði | Óbreytt |
| **Breytt** | | 0,2 | | | |
| **Gildandi** | ~~**2.11.10 A**~~ | ~~4,3~~ | ~~Hvannavellir, Furuvellir, Tryggvabraut~~ | ~~Fjölbreytt atvinnustarfsemi, verkstæði og sérhæfð verslun. Sem næst fullbyggt~~ | ~~Óbreytt~~ |
| **Breytt** | **2.11.10 V/Íb** | 2,9 | Hvannavellir, Furuvellir | Blönduð byggð með íbúðum, verslun og þjónustu. | Blönduð byggð, verslun, þjónusta og íbúðir, 3-4 hæða byggð. Sjá rammahluta aðalskipulags, Oddeyri.<br>Endurnýjun og uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. |
| **Nýr reitur** | **2.11.20 V** | 1,4 | Sunnan Tryggvabrautar | Verslun og þjónusta | Verslun og þjónusta. 3-4 hæðir. Sjá rammahluta aðalskipulags, Oddeyri.<br>Endurnýjun og uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. |
| **Gildandi** | ~~**2.11.17 A**~~ | ~~2,9~~ | ~~Athafnasvæði milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu sunnan Eiðsvallagötu/Gríms-eyjargötu~~ | ~~Fjölbreytt starfsemi, m.a. mörg smáfyrirtæki í bráðabirgðahúsnæði~~ | ~~Endurnýjun og uppbygging skv. deiliskipulagi.~~<br>~~Litið er til þessa svæðis sem framtíðaríbúðarbyggðar í tengslum við miðbæ Akureyrar. Aðalskipulagi verður ekki breytt fyrr en fyrir liggja mótaðar tillögur um uppbygginguu og útfærslu nýs íbúðarhverfis.~~ |
| **Breytt** | **2.11.17 A/V/Íb** | 4,2 | Milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu sunnan Eiðsvallagötu /Grímseyjargötu | Blönduð byggð athafnasvæðis, verslunar, þjónustu og íbúða í samræmi við kafla *3.5. Þróun jaðarsvæða miðbæjar* í aðalskipulagi. | Blönduð byggð, athafnasvæði með íbúðum á efri hæðum. 3-4 hæðir. Sjá rammahluta aðalskipulags, Oddeyri.<br>Endurnýjun og uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. |
| **Gildandi** | **2.11.18 A** | ~~3,1~~ | ~~Athafnasvæði milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu, norðan Eiðsvallagötu/Grímseyjargötu~~ | ~~Fjölbreytt starfsemi~~ | ~~Uppbygging skv. deiliskipulagi~~ |
| **Breytt** | | 1,8 | Milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu, norðan Eiðsvallagötu /Grímseyjargötu | Athafnasvæði, fjölbreytt starfsemi. | Athafnasvæði. 3-5 hæðir. Sjá rammahluta aðalskipulags, Oddeyri.<br>Endurnýjun og uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. |
| **Gildandi** | **2.11.14 A** | 3,4 | Þórsstígur, Árstígur | ~~Fullbyggt~~ | ~~Óbreytt~~ |
| **Breytt** | | | | Athafnasvæði með verkstæðum og sérhæfðri verslun. | Sjá rammahluta aðalskipulags, Oddeyri.<br>Endurnýjun og uppbygging samkvæmt deiliskipulagi. |

**Breyting á almennum texta greinargerðar**

Breyting var gerð á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, sem samþykkt var 01.10.2013. *Reiðleiðir, afmörkun hafnarsvæða, Hesjuvellir*. Gerð var grein fyrir breytingunni á breytingarblaði en ekki var gerð breyting á almennum texta greinargerðar sem snéri að hafnarsvæðinu. Því er lagt til að eftirfarandi texta verði bætt við greinargerðina í kafla 4.8 Hafnarsvæði:

*Mörkum nokkurra landnotkunarreita, sem liggja að sjó, þ.e. hafnarsvæða og svæða fyrir smábátahöfn og siglingaaðstöðu, er breytt þannig að innan marka verði hver höfn ein heild, bæði sjór og land. Breytingar á mannvirkjum innan þeirra s.s. bryggjur, viðlegukantar og garðar verða skilgreindar á deiliskipulagi og krefjast ekki breytingar á aðalskipulagi svo fremi sem þær eru innan útlínu hafnarsvæðanna. Hugsanleg stækkun mannvirkja út í hafnirnar eða landfyllingar verða skilgreindar í deiliskipulagi. Breytt afmörkun felur því ekki í sér opnar heimildir til landfyllinga.*

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann _______________

_______________________________
bæjarstjórinn á Akureyri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

þann _______________

_______________________ _______________________

# AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2005-2018

BREYTING

Oddeyri

Skipulagsdeild Akureyrarbæjar

16.8.2017
Dags. 06.04.2017

TEIKNISTOFA ARKITEKTA
GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí
KAUPANGI V/MÝRARVEG 600 AKUREYRI SÍMI 461 5508 NETFANG: arni@teikna.is
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 3 101 REYKJAVÍK SÍMI 552 8740 VEFFANG: www.teikna.is